

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. desember 2011

Olga Einarsdóttir

## LÆRÐI FLJÓTT HVERNIG BEST ER AÐ NÝTA FATASKÁPINN

- STEED LORD TILNEFND TIL VERÐLAUNA
- DAGUR Í LÍFI ÍSLENDINGS
- JÓLATÍSKAN
- Á RÚMSTOKKNUM

VERÐ  
Kr. **12.950**  
RAZER NAGA  
LEIKJA MÚS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850  
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í  
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI  
• Sími 569 0700  
• WWW.ATT.IS

MÝS OG  
LYKLABORD  
MIKIÐ ÚRVAL



RAZER



Razer Naga

- Massively Multiplayer Online Gaming leikjamús
- 5600dpi Razer Precision 3.5G Laser Sensor
- 1000Hz Ultrapolling / 1ms viðbragðstími
- 17 MMO Macro þumal takkar



# núna

\* Jólagleði og innkaup

## meðmælin

### Hressandi jóladagatal

Jóladagatal Norræna hússins er orðin gróin hefð hjá mörgum og á hverjum degi fram að jólum verður opnaður nýr gluggi á dagatalinu. Klukkan 12.34 dag hvern fá gestir að njóta skemmtatriðis í sal Norræna hússins. Meðal þeirra listamanna sem koma fram þessi jólin eru Borkó, Sóley, Pétur Ben, Ari Eldjárn og Mundi vondi, en ekki er gefið upp hvaða listamaður stígur á svið hvaða dag. Aðgangur er ókeypis og er gestum boðið upp á óafengt jólaglög og piparkökur.



### Jólamatarmarkaður

Jólamatarmarkaður Búrsins og Beint frá býli verður opnaður á morgun í Nóatúni 17 á milli klukkan 12 og 16. Stóru tjaldi verður komið fyrir á bílplaninu þar sem boðið verður upp á heitt kakó og ýmsar dásamlegar matvörur í forrættinn, aðalréttinn eða eftirréttinn þessi jól. Meðal þess sem hægt verður að kaupa er grasfóðrað holdnaut, reykt nautakjöt og kæfur, jólaostur, hrökkbrauð og skyrkonfekt. Þetta er markaður sem sælkerar eiga ekki að láta framhjá sér fara.



**GLIMMER OG GLAMÚR** Miss Universe naglaklakalínan frá OPI er nú komin í verslanir. OPI sótti innblástur sinn í samnefndra feegurðarsamkeppni og heita litirnir nöfnum eins og Congeniality is my middle name, It's MY Year og Swim-suit ... Nailed It! Fallegir litir sem passa vel við jólafötin eða áramótakjólinn.



Myndband Steed Lord tilnefnt sem myndband ársins:

# EYÐIR JÓLUNUM ÚTI Í LA

Myndband hljómsveitarinnar Steed Lord við lagið 123 If You Want Me hefur verið tilnefnt sem Myndband ársins hjá þýska tímaritinu Honk Magazine en tónlistarkonan Björk einnig tilnefnd í sama flokki.

Fimm tónlistarmenn keppa um titilinn um Myndband ársins og er myndbandið við 123 If You Want Me þar á meðal. Svala Björgvinsdóttir, söngkona Steed Lord, segir tilnefninguna hafa komið meðlimum sveitarinnar nokkuð á óvart. „Honk Magazine hefur fjallað svolítið um okkur undanfarið og við vorum meðal annars á forsíðu blaðsins í nóvember en tilnefningin kom okkur samt sem áður á óvart. Ég veit afskaplega lítið um þetta og held að úrslitin verði tilkynnt í lok mánaðarins.“

Svala var stödd hér á landi í síðustu viku og kom fram á einum jólatónleikum föður síns, stórsöngvarans Björgvins Halldórssonar. Hún mun þó eyða jólinum í Los Angeles ásamt bróður sínum og sambýlismanni. „Ég er ósköp lítið jólabarn og finnst mjög notalegt að vera úti í LA um jólin. Foreldrunum finnst þó

leiðinlegt að bæði börnin séu í burtu á aðfangadag en í staðinn halda þau upp á jólin með fimm köttum,“ segir hún.

Að sögn Svölu voru jólatónleikarnir vel sóttir og komst hún sjálf í nokkurt jólaskepp að þeim loknum. Svala söng meðal annars dúett með föður sínum en söng þó ekki hið vinsæla lag Ég hlakka svo til. „Það er barnalag og ekkert sérstaklega krefjandi sönglag fyrir fullorðna manneskju þó mér þyki vænt um það. Ég söng önnur jólalög og tók meðal annars dúett með þabba sem var meiri háttar gaman.“

Steed Lord situr ekki auðum höndum þessa dagana því meðlimir sveitarinnar eru í óða önn að taka upp efni fyrir nýja breiðskífu og búast við að senda frá sér fyrstu stuttskífunu í vor. „Við erum líka farin að safna saman hugmyndum að myndböndum fyrir nýju lögin í litla möppu. Okkur finnst ótrúlega gaman að búa til myndbönd við lögin okkar, næstum því jafn skemmtilegt og að semja lögin sjálf,“ segir söngkonan að lokum.

\* Við erum farin að safna saman hugmyndum að myndböndum fyrir nýju lögin.



Nóg að gera Myndband hljómsveitarinnar Steed Lord er tilnefnt sem Myndband ársins af tónlistartímaritinu Honk Magazine. Svala heimsótti Ísland í síðustu viku til að syngja á jólatónleikum föður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÖÐRUVÍSI JÓLAGJÖF

# RAY BAN SÓLGLERAUGU glæsilegt úrval



TEG. ORB2140/1084\*3N

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

UMBOÐS- OG DREIFINGARAÐILI: OPTICAL STUDIO

Vivienne Westwood þolir ekki tískugeirann:

## Vill heldur lesa

Hönnuðurinn Vivienne Westwood er mikill aðgerðasinni og hefur viðurkennt að henni bjóði við tiskuheiminum. Hún hefur einnig hvatt kaupendur til að fjárfesta heldur í einni góðri flík heldur en mörgum ódýrum.

Westwood viðurkennir að það séu miklar andstæður milli þess að vera umhverfissinni og fatahönnuður sem hvetur fólk til aukinnar neyslu. „Skilaboð mín eru þau; Veldu vel og kauptu minna. Ég á erfitt með að verja iðn mína því í fimmtán ár hef ég hatað tisku. Af hverju? Af því þetta er ekki vitsmunaleg eða andleg vinna, mig langar heldur að lesa. Hönnun var bara eitt-hvað sem ég var góð í en er ekki eitthvað sem skilgreinir mig sem manneskju,“ sagði hinn sérvitri hönnuður.

Hatar tisku Vivienne Westwood segist heldur vilja lesa en að skapa tiskufatnað. NORDICPHOTOS/GETTY



## \* augnablikið



FRAMLEIÐANDI Bandaríska söngkonan Madonna er farin að leita á ný mið og sótti frumsýningu kvikmyndarinnar WE sem hún framleiðir. Myndin var sýnd í MOMA í New York um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

## föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsiðumynd Valgarður Gíslason Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000





Og það varð ljós!

SÉRFRÆÐINGAR OKKAR BJÓÐA  
UPP Á FAGLEGA RÁÐGJÖF.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



**flowerpot**



**BESTLITE**  
— BY GUBI —





**Plaka** „Í Svíþjóð er mikil hádegisverðarmenning. Plaka er okkar upphaldsstaður og þar eyði ég ófáum hádegunum. Þar er einnig mjög gott tapashlaðborð á föstudögum þar sem við förum gjarnan með vinum. Hér má sjá sambýlismanninn Gunnar Stein Jónsson.“



**Bókasafnið** „Mjög flott bygging í miðbænum og lærdómurinn fer yfirleitt fram hér.“



**Upphaldsgatan** „Kaffihúsið Espresso House er í upphaldsgötunni minni í Halmstad. Við mæðgur förum hingað oft saman, hún með liti og litabók og ég sinni mínu á meðan.“



**Monki** „Upphaldsbúðin í Svíþjóð hjá mér og fleirum. Hér er ég fastakúnni að versla fyrir kaupglaða Íslendinga.“



**Sænsk náttúra** „Mæðgnastundir seinnipartinn fara oft fram úti í fallegri sænsku náttúrunni.“

Dagur í lífi Íslendinga: **Elísabet Gunnarsdóttir** eigandi elisabetgunnars.com og námsmaður

# SVÍAR SKILJA EKKI ÍSLENSKAN HÚMOR

**Aldur:** 24 ára.

**Starf:** Nemi í viðskiptafræði, móðir og fastakúnni í helstu sænsku tiskuvörverslunum fyrir kaupglaða Íslendinga.

**Hversu lengi hefur þú búið í Halmstad?** Frá því í júlí 2009.

**Af hverju fluttirðu þangað?** Við fjölskyldan fluttum hingað út þegar maðurinn minn byrjaði að spila handbolta hér í bænum.

**Ef þú mættir taka með einn hlut aftur heim til Íslands, hvað væri það?** Frá því að ég flutti hingað hef ég tileinkað mér meira skipulag að hætti Svíanna. Einnig er ég dottin í hádegisverðarmenninguna. Það gerir mikið fyrir vinnudaginn ef

maður sest niður í mat með fólkinu sínu í staðinn fyrir að borða á hlaupum eins og ég gerði oftast á Íslandi.

**Hvað er það fyrsta sem þú gerir á morgnana?**

Sest með kaffibollann minn við tölvuna og skipulegg daginn sem að er að hefjast.

Halmstad

**Hvaða stað má ekki missa af þegar borgin er sótt heim?** Hér er að finna vinsælustu strönd Svíþjóðar, Tylösand, og myndi ég segja að fólk mætti ekki missa af því að heimsækja hana á sólríkum sumardeg.

**Hvernig myndirðu lýsa þjóðinni í einni setningu?** Skipulag og reglur eru einkennandi fyrir annars yndislegt fólk sem þó skilur ekki kaldhæðna íslenska húmorinn.



5.900.-



5.900.-



Golla 4.950.-



5.900.-



5.900.-

Kringlan 4 - 12  
Reykjavík s: 588 - 1705

Galla  
**BUNNABÚÐIN**  
Sendum í póströfu

Hafnarstræti 106, göngugötunni  
Akureyri s: 463 - 3100





Ljós. Ari Magn

**Farmers Market**  
iceland



# Dúkkuhúsið



Fylgdu okkur á  
facebook

Dúkkuhúsið ★ Vatnsstígur 3 ★ 101 Reykjavík ★ Sími 5170044



**Matthew Williamson** Þægilegar en klæðilegar buxur sást víða á tiskupöllum í vetur og eru vinsælar um þessar mundir. Slíkar buxur eru í raun hin fullkomna jólaflík.

**Company's.**

**Proenza Schouler**

**Valentino** „Littli svarti kjólinn“ er löngu orðinn klassísk enda er hægt að nota slíka flík við nánast hvaða tilefni sem er. Mikið framboð er af litlum svörtum kjólum um þessar mundir í ólíkum sniðum og úr hinum ýmsu efnum.

**Day Birger et Mikkelsen.**

**Celine**

Tískan fyrir jólin:

## SÍÐIR, SVARTIR EÐA LITRÍKIR

**F**orðum daga fór hver sá er ekki eignaðist nýja flík fyrir jólin í jólaköttinn og þó að fæstir trúir enn á þann skaðvald lifir hefðin fyrir nýrri jólaflík enn góðu lífi. Úr nægu er að velja, hvort sem konur kjósa að klæðast kjólum eða buxum á aðfangadag.



**Jil Sander**

**Miu Miu**

**Vera Wang** Síðkjólarnir hafa verið vinsælir undanfarið ár og hafa vinsældir þeirra lítið dalað. Þær sem vilja breyta til eða kjósa svolitla dramatik yfir jólin geta fundið sér fallegan síðkjól við hæfi. Þeir hafa líka þann kost að vera hæfileg flík fyrir vindasama íslenska vetur.

NORDICPHOTOS/GETTY





# KERTIN, GJAFIRNAR, HÚSGÖGNIN HAÐU ÞAÐ KÓSY MED THE PIER



Kerti  
**3** fyrir **2**




Nýjar luktir!

í mörgum stærðum  
og gerðum 40-80 cm



Verð frá 4990.-



**3** fyrir **2**  
af  
gjafapappír



**30-60%**  
af öllu jólastkrauti



Púðar  
**3** fyrir **2**

Púðar og löberar frá 1490.-



Stjakar  
frá 490.-

Öll borðstofu-  
borð og stólar

**20%**  
afsláttur

Fimm arma  
stjakar frá  
9990.-  
50-120 cm

Nýtt kortatímabil!

Opið til kl. 20  
laugardag og sunnudag á  
Korputorgi og Smáratorgi



the  
**PIER**



# HVETUR KONUR TIL AÐ KLÆÐAST

**Olga Einarsdóttir er nýflutt til Íslands eftir áralanga búsetu erlendis þar sem hún vann sem tískuráðgjafi. Hún sérhæfir sig í að aðstoða fólk við að finna sinn persónulega fatastíl.**

Viðtal: Álfur Pálsdóttir  
Ljósmynd: Valgarður Gíslason

Það er yndislegt að vera komin heim og við erum öll mjög sátt við þá ákvörðun að flytja til Íslands," segir Olga Einarsdóttir stílisti, eða persónulegur ráðgjafi eins og hún kys að kalla sig.

Olga hefur búið í meira en áratug í Noregi, Svíþjóð og síðast á Englandi en hefur nú komið sér vel fyrir í Vesturbænum ásamt fjölskyldu sinni. Eiginmaður hennar, fótboltakappinn Brynjar Björn Gunnarsson, er þó enn þá með annan fótinn úti og spilar með enska knattspyrnufélaginu Reading. Hjónin eru því í eins konar fjarbúð þetta árið og viðurkennir Olga að hún hlakki mikið til þegar því tímabili er lokið.

„Ég ákvað að koma heim um áramótin í fyrra í kjölfar þess að bróðir minn lést. Það reyndist vera hárrétt tímasetning því móðir mín féll frá í haust og náði ég því að eiga mjög dýrmætan tíma með henni á þessu ári.“

## LÆRÐI AÐ NÝTA FATASKÁPINN

Olga er fædd og uppalin í Kópavogi með viðkomu á Eskifirði og Egilsstöðum. „Ég myndi segja að Egilsstaðir væru minn bær þar

sem við bjuggum þar lengst af og ég finn að ræturnar mínar eru þar," segir Olga, sem ólst upp í stórrí fjölskyldu og er yngst af tíu systkinum.

„Þegar maður elst upp með svona mörgum systkinum lærir maður að sam- og endurnýta fót. Ég held að ég hafi verið orðin tólf ára þegar ég fór fyrst að fá ný fót annars var ég alltaf í fatnaði frá eldri systur mínunum. Þá reyndi á sköpunargáfunu til að flikka upp á flíkurnar og maður varð fljótt flinkur við saumavélina. Við ólumst upp við góða nýtingu og útsjónarsemi þar sem mamma fann alltaf lausnir á öllu.“

Í stórum systkinahóp var stundum erfitt að finna afþreyingu við allra hæfi og innan fjárhagsramma heimilisins. Olga rifjar upp að í stað þess að fara í bíó um helgar eins og jafnaldrarnir hafi þau systkinin farið á ruslaugana og leitað að hlutum sem hægt var að gera við. „Það er fyndið að segja frá þessu í dag en við skemmtum okkur konunglega við að laga ónýt hjól og leikföng.“

„Þegar maður elst upp með svona mörgum systkinum lærir maður að sam- og endurnýta fót.“

## ÁHUGAMÁL AÐ ATVINNU

Fyrir sjö árum ákvað Olga að gera þennan áhuga sinn á fötum að starfsvettvangi og afla sér menntunar. Olga var þá nýbúin að eignast aðra dóttur sína og fjölskyldan búið að koma sér vel fyrir í Bretlandi. Hún fann góða skóla rétt fyrir utan London og lærði

persónulega ráðgjöf og stílistánám í British College of Professional Styling og The Image House.

Námið fól meðal annars í sér kennslu í litafræðum, stíliseringu og hvernig best er að klæða sig eftir vexti. Starfstíll Olga á ensku er fashion stylist en sjálf vill hún frekar kalla sig ráðgjafa en stílista.

Eftir námið stofnaði Olga sitt eigið fyrirtæki, Personal Image Design, og hóf að veita einstaklingum jafnt sem fyrirtækjum tískuráðgjöf. Það var strax mikið að gera hjá Olgu og er hún enn þá að fá þakklætispóst frá viðskiptavinum sínum erlendis.

„Það vilja allir líta vel út, er það ekki? Klæðaburður skiptir miklu máli fyrir ímynd manns og stuðlar, að mínu mati, jafn mikið að andlegri vellíðan eins og gott mataræði og holl hreyfing. Það er sagt að það taki okkur um 90 sekúndur að dæma hvort annað við fyrstu kynni og þá skiptir klæðaburður okkur miklu máli.“

Ráðgjöf Olgu felst meðal annars í því að taka til í fataskápinum, fá fólk til að losa sig við það sem það notar ekki og bæta við því sem vantar. Allt í þeim tilgangi að fá sem mesta nýtingu úr því sem til er í fataskápinum og um leið finna sinn eigin fatastíl. „Ég held að margir hafi horft á troðfullan fataskáp og hugsað: „Ég á ekkert til að fara í“. Þetta vandamál leysi ég með því að fara yfir fataskápin og hjálpa viðkomandi að nota það sem hann á," segir Olga og bætir við að sumir séu orðnir svo samdauna fötunum í skápinum að þeir séu hættir að sjá hvað í raun og veru leynist á herðatrjúnum og kaupa sér í staðinn nýja flik.

„Það er mjög hollt að fara yfir fataskápin og sjá hvað hann geymir. Um daginn var ég að vinna með konu sem var á leiðinni í verslunarferð til útlanda og langaði að vita hvað hún ætti að kaupa. Eftir að hafa farið yfir fataskápin komumst við að því að hana vantaði bara alls ekki mikið. Þá vorum við búnar að gefa og taka til hliðar bunka af fötum sem hægt var að breyta á saumastofu. Þegar hún kom heim úr verslunarferðinni sendi hún mér póst og sagði að ég hefði sparað henni mikla peninga því hún keypti engan óþarfa og hún vissi nákvæmlega hvað vantaði.“

## ÞORA AÐ TAKA ÁHÆTTU

Olga hefur nú stofnað íslenska heimasíðu, olga.is þar sem hægt er að panta hjá henni ráðgjöf og fara á námskeið. Hingað til hefur verið mikið að gera hjá henni við að aðstoða einstaklinga sem og heilu vinkonuhópana við að fara í gegnum fatnaðinn.

„Námskeiðin eru mjög skemmtileg og gagnleg, ætli það sé ekki vegna þess að ég er að fjalla um það sem ég hef þekkingu á og liggur á mínu áhugasviði. Ég veit að í litlu samfélagi eins og okkar skiptir orðsporið mestu máli og það er mín besta auglýsing.“

Olga hrósar íslenskum konum fyrir klæðaburð og nefnir að þær kunni klæða sig eftir vexti. Hún er hins vegar ekki ánægð með hversu miklu ástfóstri íslenskar konur hafa bundið við svartan og



SVARAR STÓRU SPURNINGUNNI Olga Einarsdóttir er menntaður stílisti frá Bretlandi. Hún sérhæfir sig í að aðstoða fólk við að taka fataskápin í gegn og finna sinn persónulega stíl.

gráan lit og hvetur konur til að þora að klæðast litríkum fötum. Olga kennir meðal annars litafræði í sinni ráðgjöf og segir ótrúlegt hvað réttur litur getur frískað upp á útlitið.

„Það er ótrúlegt hvað það er mikið svart í búðum hérna en þegar ég spyr starfsfólkið út í þetta fæ ég yfirleitt þau svör að svart seljst best á Íslandi. Við megum því vera miklu duglegri að taka áhættu í litavali og prófa okkur áfram. Við þurfum á litum að halda því þeir gefa okkur orku og líf.“

Aðspurð hvaða íslenska hönnun sé í uppáhaldi hjá henni segist Olga eiga erfitt með að svara. „Það er mikil gróska í íslenskri í hönnun núna og mikil fjölbreytni.

Ég get eiginlega ekki valið eitthvað eitt en ég hef samt alltaf verið hrifin af Spaksmannsspjörum.“

Olga nefnir Ragnhildi Gísladóttur tónlistarkonu sem dæmi um konu sem kunni að klæða sig eftir karakter og að hún sé óhrædd við að taka áhættu í fatavali. „Mér finnst Ragnhildur frábær og algjörlega samkvæm sjálfri sér í fatastíl. Ég held að íslenskar konur gætu tekið hana sér til fyrirmyndar í því.“

## ÝMISLEGT Í BÍGERÐ

Olga verður leyndardómsfull þegar framtíðina ber á góma og segir að hún sé með ýmis plön varðandi fyrirtæki sitt. „Starf mitt sem slíkt er ekki mikið þekkt á Íslandi og í því leynist tækifærið. Við

Vesturport

HANN ER Á LEIÐINI...

AXLAR-BJÖRN

Nýtt verk úr smíðju Vesturports frumsýnt í janúar Tryggðu þér miða strax!

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



## LITUM

\* nokkur ráð frá Olgu

## FLIKKAÐU UPP Á SVARTA KJÓLINN

„Allar konur eiga svarta kjóla inn í skáp sem auðvelt er að flikka upp á og gera að nýjum. Ég skora á alla að kíkja inn í skápinn sinn hvort ekki leynist eitthvað þar sem hægt er að nota í jólaboðið um helgina.“

1. Nota hnepptu peysu yfir með pallíettum, sem koma alltaf aftur í tísku yfir hátíðarnar.
2. Fara í stuttan jakka yfir, til dæmis í rauðum lit – setur skemmtilegan svip á kjólinn.
3. Vestir eru tilvalin yfir kjól; stutt eða síð.
4. Fallett hálsmen í lit gerir kraftaverk og stundum er flott að nota fleiri en eitt saman.
5. Litlar ermar eru alltaf hentugar og má nota við allt.
6. Punnir klútar í gylltu eða silfurlituðu setja finan svip á kjólinn.
7. Belti eru alltaf töfralausn til að flikka upp á svartan kjól fyrir veisluna – annaðhvort í lit eða með pallíettum.
8. Loðkragi gerir kjólinn veisluhæfan á ný.



**Budweiser Budvar**

**Café**

**ROSENBERG**

**DESEMBER 2011**

MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

			<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>
			Halli Reynis	A Band On Stage	Andrea Gylfa & Bíóbandið	LOKAÐ
<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>11</b>
SOS jólalög	Fugla búið *	Svavar Knútur	Fabúla og Hljómsveit	Latín band *	1860 í jólastuði	Jazzband Bödda
<b>12</b>	<b>13</b>	<b>14</b>	<b>15</b>	<b>16</b>	<b>17</b>	<b>18</b>
Kammer kórinn	Blúsband Þollýjar	Borgar dætur	Borgar dætur	Borgar dætur	Borgar dætur	Þórunn Pálína
<b>19</b>	<b>20</b>	<b>21</b>	<b>22</b>	<b>23</b>	<b>24</b>	<b>25</b>
Brother Grass	Brother Grass	Hreindís og Hljómsveit	Svavar Knútur jóla tónleikar	*	LOKAÐ	LOKAÐ
<b>26</b>	<b>27</b>	<b>28</b>	<b>29</b>	<b>30</b>	<b>31</b>	
LOKAÐ	*	Sigga Thorlacius	Sigga Thorlacius	Varsjár banda lagið	LOKAÐ	

\* 6. desember: Fuglabúið - Valgeir Guðjónsson og Jón Jónsson.

\* 9. desember: Latínband Tómasar R. Einarssonar - gestur Ólafía Hrönn.

**Budweiser Budvar**

LÉTTÖL

sjáum bara til hvað framtíðin ber í skauti sér en ég er með margar hugmyndir í kollinum.“

Olga finnur fyrir því að samfélagið hefur breyst síðan hún bjó hér heima síðast og er í raun sannfærð um að það hafi breyst til hins betra. Íslendingar hafa lært að vera hófsamari og ánægðari með það sem þeir hafa. „Þegar maður hefur verið búsettur lengi erlendis kemur maður víðsýnni heim og sér kannski það sem aðrir sjá ekki. Mér finnst íslenskar konur hins vegar oft vanta að vera opnari og jákvæðari með það sem þær hafa. Ég hef tamið mér það gegnum tíðina að vera dugleg að hrósa öðrum. Það er ókeypis og í raun besta gjöf sem við getum gefið.“



Shadow Creatures leggur Kríunum lið:

## STYÐJA VIÐ BAKIÐ Á KONUM Í AFRÍKU

Systurnar Edda og Sólveg Ragna Guðmundsdætur sem hanna undir nafninu Shadow Creatures hafa tekið höndum saman við Kríurnar, þróunarsamtök í þágu kvenna í Afríku. Hluti af hverri seldri flík frá systrunum mun renna til styrktar málefnum Kríanna.

Edda og Sólveg Ragna hanna fallegar kvenmannsflíkur meðal annars úr silki og lífrænni bómull og hafa umhverfsvæna framleiðslu að leiðarljósi í hönnun sinni. Edda segir Kríurnar hafa haft samband við systurnar að fyrra bragði og þær ákveðið að leggja samtökunum lið enda séu baráttumál þeirra brýn. „Þetta eru ung samtök sem styðja með ýmsum ráðum við konur í Afríku og beita sér sérstaklega fyrir menntun og heilsu þeirra. Við tókum auðvitað mjög vel í bón þeirra enda er þetta verðugur málstaður og gaman að geta lagt honum lið.“

Ný lína frá Shadow Creatures kom í verslunina Kiosk við Lauga-



Leggja sitt af mörkum Edda og Sólveg Ragna Guðmundsdætur hanna undir heitinu Shadow Creatures. Hluti af hverri seldri flík mun renna til Kríunnar, þróunarsamtaka í þágu kvenna í Afríku.

FRÉTTABLAÐ/DANIEL

veg um síðustu helgi og inniheldur meðal annars fallega síðkjóla, klúta, buxur og boli. - sm

## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

### Nauðgun er ofbeldisverknaður

? Finnur maður strax mun/sársauka/kláða ef maður fær kynsjúkdóm? Getur kláði að neðan kannski stafað af einhverju öðru en kynsjúkdómum?

**Svar:** Einkenni kynsjúkdóms geta komið snemma í ljós eða seinna eða jafnvel alls ekki. Í ljósi þess ætti hver og einn að hugsa vel um kynfæri sín og fara reglulega í skoðun, og þá sérstaklega ef þú finnur fyrir einhverjum breytingum. Breytingar á kynfærum, til dæmis kláði, getur stafað af sýkingu sem ekki er skilgreind sem kynsjúkdómur eða jafnvel ertingu vegna nærfatnaðar. Margir hræðast kynfæraskoðun læknis en það er töluvert verra (og hættulegra) að vera með óþægindi í kynfærum heldur en að fara í stutta skoðun hjá lækni. Hins vegar er vissara að stunda ekki samfarir eða munnmök fyrr en læknir er búinn að komast til botns í málinu og skrifa upp á viðeigandi lyf, ef þess er þörf.

? Sæl Sigga, frábærir pistlar frá þér. Ég verð oft svo hissa þegar fjallað er um nauðgunarmál og hvernig karlmenn geta „misskilið“ konuna sem þeir nauðga. Stundum verður maður svo vonlaus þegar maður heyrir af svona málum, bæði í fréttum og persónulega, og ég velti því fyrir mér hvort eitthvað sé hægt að gera til að fyrirbyggja nauðganir og upplýsa karlmenn?

**Svar:** Ég þakka hólið og svara með einu orði, fræðslu. Með því að fjalla á fordómalausum og upplýstan hátt um samskipti, sambönd og kynlíf. Um-

ræðan þarf að hefjast á unga aldri og vera hluti af daglegri umræðu. Það þarf að fá samþykki fyrir kynferðislegum athöfnum og það þarf að kenna fólk af báðum kynjum það. Þá þarf einnig að brjóta niður staðalímyndir. Stelpur eru ekki passívir þiggjendur og strákar gerendur heldur þarf að kenna báðum ábyrga hegðun bæði í almennum samskiptum og kynferðislegum. Fræðsla og almenn umræða á því ekki einungis við karlmenn heldur þjóðfélagið sem heild, því mýtur og ofbeldi fyrirfinnast hjá báðum kynjum. Það er ekki nóg að opna umræðuna í skólum heldur þarf hún einnig að fara fram inni á heimilum, í fjölmíðlum og meðal vina. Nauðgun er ofbeldisverknaður og þurfa allir að leggjast á eitt að vera sammála um að gerandinn eigi sök en ekki þol-andinn. Það sem er oft erfitt með kynferðisafbrot er að sjaldan eru vitni til staðar og því byggir málið oft á orði gegn orði og sönnunargögn eru af skornum skammti. Þá fellur oft skömm á fórnarlambið, m.a. út af flækjustigi réttvísinnar, og því verða þessi mál viðkvæm, erfið og flókin. Það er erfitt að benda á einhver skref til að fyrirbyggja ofbeldi önnur en þau að það þarf að byrja á réttum enda, í grasrótinni. Klæðnaður, ölvun og látbragð leiða ekki til ofbeldis, gerandinn sér alfarið um það sjálfur. Því þarf að brjóta niður fordóma, fyrirritningu, staðalímyndir og fáfræði og hefja umræðuna á hærra plan!

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is



Verð 14.990 kr.



Verð 12.990 kr.



Verð 12.990 kr.



Verð 19.990 kr.



Verð  
Jakki - 19.990 kr.  
Blússa - 9.990 kr.



Verð 19.990 kr.

# KELLO

KRINGLUNNI  
Sími: 568 4900

## Sófasett

Ný sending af sófasettum Stökum sófum Svefnsófum og hornsófum



Afar vandað sófasett 3+1+1  
Verð aðeins kr.  
**395.000.-**

Giulia  
Litir; Brúnt og ljóst

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

www.valhusgogn.is Opið virka daga kl. 10-18 - Laugardaga kl. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375

## 20% afsláttur helgina 9.-10. des.

Ný sending  
beint frá London.


# MINÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR  
www.fjordur.is





Trésor  
Midnight  
Rose

ENGIN JÓL ÁN  
LANCÔME  
PARIS



Trésor Midnight Rose ilmur 50 ml.  
Kvenlegur og dularfullur blómailmur með ávaxtaþvafti.  
Með fylgir fallegt 10 ml glas í töskuna.  
Alengt verð: 10.651 kr.



Trésor in Love ilmur 30 ml.  
Frísklegur og nautnafullur blómailmur.  
Lancôme kvöldtaska, Body lotion 50 ml. og Hypnôse maskari 2 ml.  
Alengt verð: 6.990 kr.



Hydra Zen rakagefandi og róandi krem 50 ml.  
Hydra Zen næturkrem 15 ml., augnkrem 5 ml., andlitsvatn 50 ml. og hreinsimjólk 50 ml.  
Alengt verð: 8.225 kr.



Visionnaire (LR 2412%)  
droparnir fást í fallegum „Beauty boxum“  
ásamt Genifique dropum 7 ml,  
Rouge Absolue varalit og  
Hypnôse mascara 2 ml.  
Alengt verð 30 ml 10.480 kr.  
og 50 ml 13.450 kr.



La Rose body lotion 150 ml.  
Húðmjólk sem nærir, róar og rakafyllir húðina.  
Trésor in Love ilmur 5 ml. og Hypnôse maskari 2 ml.  
Alengt verð: 4.750 kr



Genifique krem 50 ml.  
Genifique næturkrem 15 ml., augnkrem 5 ml. og Genifique dropar 7 ml.  
Alengt verð: 12.225 kr.

Æskan er í genum þínum,  
virkjaðu þau.



Tvö krem í einni krukku.  
Ómissandi „cult“ vara.

Rénergie Multiple lift augnkrem  
Hypnôse maskari 2 ml., Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml.  
og svartur augnblýantur.  
Alengt verð: 10.490 kr



Hypnôse Doll Eyes maskari  
(einnig til í Hypnôse Drama og Definicils)  
Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml. og svartur augnblýantur.  
Alengt verð: 4.650 kr.



Juicy Tubes varagloss  
Fjórir girnilegir litir.  
Alengt verð: 2.990 kr



Hypnôse maskari.  
Með fylgja þrjár 2 ml. maskarar í Hypnôse,  
Hypnôse Drama og Hypnôse Precious cells.  
Alengt verð: 4.650 kr.



Á tímamótum Nánast óþekktan-  
legur Lagerfeld árið 2000 ásamt  
fyrirsætunni Devon Aiki.



Hjá Chloé Karl Lagerfeld árið 1979 er hann var  
hönnuður hjá tískuhúsinu Chloé. NORDICPHOTOS/GETTY



Í góðra vinkvænna hópi Lagerfeld ásamt fyrirsætunum Lindu Evangelistu og Claudiu Schiffer.

Fimm hlutir sem þú vissir ekki um:

# KARL LAGERFELD

Fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld hefur lengi verið í sviðsljósinu, bæði sökum hæfileika sinna sem hönnuður og vegna andstyggilegra ummæla sem hann á til að láta falla um annað fólk. Hann á að baki langan og farsælan feril sem fatahönnuður og er hvergi nærri af baki dottinn.



Í dag Lagerfeld í nóvember á þessu ári.

**1** Lagerfeld fæddist í Hamborg en enginn veit hvaða ár. Eitt sinn sagðist hann hafa fæðst árið 1938 en nokkru síðar sagði hann engan vita með vissu hvaða ár hann fæddist og er það enn hulin ráðgáta.

**2** Árið 1955 hreppti Lagerfeld annað sætið í hönnunarsamkeppni á vegum tískuhússins Balmain, fyrsta sætið hlaut Yves Saint-Laurent. Í kjölfarið fékk Lagerfeld starf sem lærlingur hjá Balmain.

**3** Lagerfeld hefur tekið að sér ýmis aukaverkefni í gegnum tíðina og árið 2004 hannaði hann búningana fyrir tónleikaferðalag Madonna. Hann hannaði einnig búninga fyrir Showgirl-tónleikaferðalag söngkonunnar Kylie Minogue.

**4** Árið 1993 gekk ritstjóri bandaríska Vogue, Anna Wintour, út af tískusýningu sem Lagerfeld hannaði fyrir Fendi. Lagerfeld notaði fatafellur og klámstjörnur í stað fyrirsæta og þótti Wintour nóg um.

**5** Lagerfeld hét upprunalega Lagerfeldt en ákvað að sleppa bókstafnum t því honum þótti það hentugra á alþjóðlegum markaði.

## Tuttugu bjé

Helga Lilja Magnúsdóttir sem hannar undir nafninu helicopter, Berglind Hrönn Árnadóttir sem hannar barnaföt undir heitinu Begga Design og Raket Sævarsdóttir sem rekur netgalleríð Muses opna saman verslun í dag. Verslunin hefur hlotið nafnið 20Bé og er við laugaveg 20b. Sérstök opunararbeiði fer fram í búðinni í dag á milli 17 og 20.



Myndabáttur í ítalska Vogue gagnrýndur:

## Fyrirsæta þykir allt of grönn

Myndabáttur ítalska Vogue með fyrirsætunni Karlie Kloss hefur vakið umtal vegna þess hve grönn fyrirsætan virðist á sumum myndunum. Nú hefur Vogue.it fjarlægð myndina sem fékk hvað mesta gagnrýni af vefsíðu sinni þar sem átröskunarsjúklingar hafa notað hana sem „thinspiration“, eða innblástur til þess að grenna sig enn frekar.

Myndin af Kloss hefur birst á þó nokkrum „pró-ana“ vefsíðum, en slíkar síður hvetja átröskunarsjúklinga áfram í veikindum sínum og þykja mjög skaðlegar. Ítalska Vogue hefur tekið opinbera afstöðu gegn slíkum síðum, jafnvel hvatt til markvissrar lokunar á þeim, og því kemur þetta sér illa fyrir tímaritið. „Vogue Italia er tímarit er hefur fagurfræði og fegurð að sjónarmiði og því höfum við ákveðið að nýta áhrif okkar í baráttunni gegn átröskunum,“ skrifaði ritstjórinn Franca Sozzani eitt sinn á vefsíðu blaðsins.

Fyrirsætan Karlie Kloss, 19 ára, er fyrrverandi balletdansari. Hún var uppgötvuð þrettán ára að aldri og sagði skilið við dansinn er fyrirsætuferillinn fór á flug.



Umdeild Myndir af fyrirsætunni Karlie Kloss í ítalska Vogue hafa fengið mikla gagnrýni því fyrirsætan þykir allt of grönn á þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

FILIPPA K 37.900 kr.

JEFFREY CAMPBELL 34.900 kr.

JEFFREY CAMPBELL 34.900 kr.

SUIT 24.900 kr.

JEFFREY CAMPBELL 27.900 kr.

WON HUNDRED 34.900 kr.

SHOE THE BEAR 23.900 kr.

SHOE THE BEAR 23.900 kr.

SHOE THE BEAR 25.900 kr.

SJÁÐU MEIRA  
Á FACEBOOK

**GK**  
REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK — LAUGAVEGI 66 — 565 2820





# BELLE D'OPIUM

YVES SAINT LAURENT

## YVES SAINT LAURENT



### DÖMUILMIR FRÁ YVES SAINT LAURENT



**BELLE D'OPIUM**  
Ferskur og dáleiðandi ilmur með ávaxta og viðarnótum.  
Edp. 30 ml ilmur og 50 ml body lotion.  
**Algengt verð: 8.950 kr.**



**OPIUM**  
Kryddaður, austurlenskur ilmur, dularfullur og sá eini sanni.  
Edt. 30 ml ilmur og 50 ml body lotion.  
**Algengt verð: 7.676 kr.**



**PARISIENNE**  
Austurlenskur blómailmur, munúðarfullur og kvenlegur.  
Edp 30 ml ilmur og 50 ml body lotion.  
**Algengt verð: 8.950 kr.**

### FÖRÐUNARVÖRUR FRÁ YVES SAINT LAURENT



**RADIANT TOUCH**  
Töfrapenninn sem allir förðunarmeistarar verða að eiga.  
Litur O2 og Top Secret kornamaski 30 ml. Varist eftirlíkingar.  
**Algengt verð: 5.859 kr.**



**YSL MASKARAR**  
Svartur maskari og 30 ml augnfarðahreinsir.  
**Algengt verð: 4.850 kr.**



**YSL LÚXUSASKJA**  
Svartur maskari, Radiant Touch penni O2 og Rouge Pur Couture varalitur. Í fóðraðri YSL öskju sem hentar vel sem skartgripaskrín.  
**Algengt verð: 9.950 kr.**

### HERRAILMIR FRÁ YVES SAINT LAURENT



**L'HOMME HERRAILMUR**  
Ferskur, munúðarfullur og töfrandi ilmur.  
Edt. 60 ml, sturtusápa 50 ml og After shave Balm 50 ml.  
**Algengt verð: 9.860 kr.**



**L'HOMME LIBRE HERRAILMUR**  
Núttímalegur og ferskur sítrus og kryddilmur.  
Edt. 60 ml, sturtusápa 100 ml.  
**Algengt verð: 9.860 kr.**



**LA NUIT DE L'HOMME HERRAILMUR**  
Hljómmikill, dularfullur og munúðarfullur austurlenskur ilmur.  
Edt. 60 ml, sturtusápa 50 ml og After shave Balm 50 ml.  
**Algengt verð: 9.860 kr.**



# L'OCCITANE

EN PROVENCE

Ljúffengar gjafir fyrir jólahátíðina



**KAUPAUKI!**  
30 ml handkrem  
fylgir með kaupum yfir 5.000 kr.\*

\*Veldu á milli 30ml Shea Butter, Cherry Blossom eða Fleur Chérie handkremis. Tilboðið gildir frá 9.-16. desember 2011 eða meðan birgðir endast. Aðeins einn kaupauki fyrir hvern viðskiptavin. Ekki hægt að sameina öðrum tilboðum.

Kringlan - Sími: 577-7040 | www.loccitane.com

Finndu okkur á Facebook: L'Occitane en Provence - Ísland



1. **Emma Watson** Hin unga leikkona var sú best klædda á árinu að mati Glamour.



1. **Carla Bruni-Sarkozy** Forsetafrú Frakklands var best klædda kona ársins 2011 að mati Vanity Fair.

Fjölmíðlar gera upp árið 2011:

## ÞÆR BEST KLÆDDU

Árið er senn á enda og nú keppast fjölmíðlar um að gera það upp á ýmsa vegu. Tískublöð á borð við Vogue, Vanity Fair og Glamour hafa þannig birt lista yfir best klæddu konur, og systur, ársins 2011.

Listarnir eru nokkuð ólíkir og á lista Vanity Fair má sjá nöfn ýmissa framakvenna á meðan söng- og leik- konur verma efstu sæti lista Glamour. Föstudagur bar saman konurnar á þessum listum.

### AUNTS DESIGN

Íslensk hönnun

Eldheit hönnun fyrir hann **GRILLKÓNGURINN**  
Svunta, kokkahúfa og hanski.

[www.auntsdesign.is](http://www.auntsdesign.is)

Útsöluastaðir:  
Kokka, Dúka, Nordic Store, Pottar og Prik Akureyri, Hús Handanna Egilstöðum, Póley Vestmannaeyjum, Auntsdesign Hlíðasmára.



2. **Cheryl Cole** Söngkonan er næstsmekklegasta kona ársins 2011 að mati Glamour.



3. **Kristen Stewart** Stewart hefur lengi sætt gagnrýni fyrir ósmekklegan klæðaburð en ekki þetta árið ef marka má Glamour.



4. **Dannii Minogue** Ástraliska söngkonan vermir fjórða sæti lista Glamour.



5. **Alexa Chung** Þáttastjórnandinn og fyrirsætan Chung hefur lengi þótt ein af best klæddu konum heims og vermir fimmta sæti lista Glamour.



2. **Sheikha Moza Bint Nasser af Katar** Er með klassiskan fatastíl í ætt við þann er tíðkaðist í Hollywood sjötta áratugarins.



3. **Kate Middleton, hertogynja af Cambridge** Sú fyrsta úr röðum bresku krúnunnar til að komast á lista Vanity Fair yfir þær best klæddu.



4. **Andrea Dellal** Brasilíska fyrirsætan Andrea Dellal vermdi fjórða sæti lista Vanity Fair.



5. **Carey Mulligan** Í fyrra var hún kosin Best klædda kona Bretlands og í ár telur Vanity Fair hana fimmtu best klæddu konu ársins.

jól.is á Vísi

sögur uppskriftir gjafir leikir o.fl. o.fl.

**VÍSIR**



# SELECTED



Skyrta  
8.990



Kaðlajakkaþeysa - 3 litir  
9.900



Bolur m. stretch  
2.990



Gallaskyrta  
9.900

Skyrta  
6.990



Rúskinsstígvél  
- Fást einnig í svörtu  
og brúnu leðri  
19.900



Gallabuxur  
10.900



Bolur m. stretch  
- 2 litir  
4.690



Chino buxur  
10.900



Ullarfrakki  
26.900



Leðurskór  
- fást einnig í brúnu  
16.900



Skyrta - 2 litir  
6.990



Ullarjaki  
19.900

Buxur  
12.900

Bindi í úrvali  
frá 3.990



# SELECTED

HERRA KRINGLAN / DÖMU & HERRA SMÁRALIND  
FACEBOOK.COM/SELECTEDICELAND






## YFIRHEYRSLAN

**Selma Hreggviðsdóttir, myndlistamaður.**

**Ertu A- eða B-manneskja?** A, ég elska morgnana, þá er ég afkastamest.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Birgir

Andrússon – í íslenskum litum eftir Þröst Helgason. Hún er æði.



**Ef ég byggi ekki í Reykjavík byggi ég ...** Uppi í afdölum með hesta og hund.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Hummm ...

júl! Ég keypti indjánaþjald handa syni mínum í Tiger, og diskóljós til að setja í það. Þar er mikið stuð.



**Hvað dreymir þig um að eignast?**

Húfu og vettlinga, en það tekur því ekki fyrir mig að kaupa svaleiðis því ég týni því bara.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?**

Það sem kemur fyrst upp í hugann er ekkert svakalega kúl, það er Express Yourself með Madonna.

**Einn hlutur sem þú vissir ekki um mig:** Ég fæ

blóðnasir í frosti.

**Uppáhalds-drykkur-inn?** Kaffið á Kaffifélaginu og rauðvín.



# Signatures Of Nature

-náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

## Gefðu dekur í jólagjöf

fyrir þann sem að þér þykir vænt um

heima-spa  
badsalt  
saltskrúbb  
ljómunarmedferð  
jólakassar  
vinagjafir  
jólakerti  
reykelsi  
ilmkerti

Útsöluastaðir

Signatures Of Nature Smáralind

Nordica Spa&Gym

Snyttistofan Eva Selfoss

## Létt jólastemning

# LÉTT BYLGJAN

967